

	Fluttar 7029 kr. 42 a.	<b>127</b>
II. Vextir alls til $\frac{1}{6}$ 1891 . . . . .	245 — » —	
III. Styrkur úr landssjóði alls . . . . .	1900 — » —	
IV. Borgun frá Páli Þorkelssyni fyrir glataða bók . . . . .	4 — » —	
V. Bætt við einu $3\frac{1}{2}\%$ ríkisskuldabryjfi að upphæð . . . . .	200 — » —	
	Tekjur alls	9378 kr. 42 a.

## Gjöld:

I. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands . . . . .	1094 kr. 88 a.
II. Fyrir eldivið og flagning . . . . .	193 — 52 —
III. Fyrir hreinsun og ræsting . . . . .	72 — 54 —
IV. Fyrir ýmislegt . . . . .	71 — 97 —
V. Fyrir aðstoð við bókavörð við að lagfæra gömul handrit og koma þeim í reglu . . . . .	100 — » —
VI. Brunabótagjald fyrir safnið . . . . .	200 — » —
VII. Varið til að kaupa ríkisskuldabryf að upphæð 200 kr. . . . .	190 — 05 —
VIII. Sjóður við árslok 1891:	
a. Innritunarskirteini Litr. A. Fol. 101 . . . . .	Kr.6600.00
b. $3\frac{1}{2}\%$ ríkisskuldabryf Litr. E. No. 21830 . . . . .	— 200.00
c, — — — — Litr. E. No. 11601 . . . . .	— 200.00
d, — — — — Litr. E. No. 5327 . . . . .	— 200.00
e, Í sjóði hjá gjaldkera . . . . .	— 255.46
	Gjöld alls
	7455 — 46 —
	9378 kr. 42 a.

Reykjavík, 15. marz 1892.

*Eiríkur Briem.*

**Ágrip af brjefi landshöfðingja til stíptsyfirvaldanna um viðbótarlán handa 128 prestakalli.** — Með brjefi þessu var leyft að taka lán handa Eyvindarhóla- 10. okt. prestakalli, að upphæð 504 kr. 76 au., til þess að greiða með það, sem óborgað er af byggingarkostnaði Eyvindarhólakirkju, í viðbót við 1000 kr. lán, er prestakallinu var leyft að taka með landsh.br. 17. okt 1890 (Stjt. 1890 B, bls. 165), þannig að viðbótarlán þetta ásamt eptirstöðvum fyrra lánsins afborgist með jöfnum greiðslum á næstu 15 árum, og verði ásamt vöxtum borgað af Eyvindarhólaprestakalli, að svo miklu leyti sem tekjur kirkjunnar ekki skyldu hrökka til að endurborga og ávaxta skuldina.

**Árip af brjefi landshöfðingja til stíptsyfirvaldanna um viðbótarlán handa 129 prestakalli.** — Með brjefi þessu var leyft að taka lán handa Hóltsprestakalli 13. okt. undir Eyjafjöllum, að upphæð 462 kr. 32 au. til að greiða með eptirstöðvar af kostnaði við kirkjubygging á Ásólfsskála, í viðbót við lán það, er hvílir á prestakallinu, sem nú er talið 2437 kr. 68 aurar, þannig að báðum lánunum verði steipt saman, og skuldabryf út gefið fyrir 2900 kr., er sjeu endurborgaðar ásamt vöxtum á næstu 28 árum.